

Satt og logið í sögunni. Nokkur orð um sannleiksgildi bókmennta og fræða frá sjónarhóli sagnfræðings sem vill ekki skálda.

Sturluhátíð í Tjarnarlundi í Saurbæ, 12. júlí 2025*

Góðir gestir, kæru áheyrendur

Hér á slóðum Sturlu Þórðarsonar hyggst ég rekja hvers vegna við sagnfræðingar ættum að standa vörð um sannleikskröfuna þegar við viljum lýsa því sem gerðist fyrr á tíð. Ég ætla líka að nefna hvers vegna það megí vissulega virkja ímyndunaraflið við þá iðju en þá verði að setja skýra fyrirvara svo að þau sem njóta afrakstursins geti greint á milli þess sem er skáldað og hins sem byggir á heimildum. Við höfum hreinlega ekki heimild til annars.

Staðurinn er kjörinn til umræðna um þetta efni og félagsskapurinn sömuleiðis. Ég þakka skipuleggjendum Sturluhátíðar fyrir allan þeirra atbeina og ykkur öllum sem hér sýnið í verki áhuga á sögu okkur og menningararfi. Og hefst þá lesturinn:

Í formála Sturlungu frá því um 1300 segir svo um sagnaritun Sturlu Þórðarsonar: „[E]n þær sögur, er síðan hafa gerzt, váru lítt ritaðar, áðr Sturla skáld Þórðarson sagði fyrir Íslendinga sögur, ok hafði hann þar til vísindi af fróðum mönnum, þeim er váru á öndverðum dögum hans, en sumt eftir bréfum þeim, er þeir rituðu, er þeim váru samtíða, er sögurnar eru frá. Marga hluti mátti hann sjálf sjá ok heyra, þá er á hans dögum gerðust til stórtíðinda. Ok treystum vér honum bæði vel til vits ok einurðar at segja frá, því at hann vissi ek alvitrastan ok hófsamastan. Láti guð honum nú raun lofi betri.“

Þessari lýsingu á höfundí Íslendinga sögu svipar mjög til hinna fleygu orða Ara fróða í Íslendingabók, að skylt sé hafa það sem sannara reynist. Lengi vel var einmitt haft fyrir satt að þeir tveir, Sturla og Ari fróði, hefðu haft sannleikann einan að leiðarljósi í skrifum sínum.

Lengi vel lagði almenningur líka svipaðan trúnað á Íslendingasögurnar. Af því er í sjálfu sér löng saga og skemmtileg og hana þekkja mörg ykkar sem hér eruð mun betur en ég, alger áhugamaður á þessu sviði. Úr þeim fjarska sýnist manni samt að um síðir hafi sæmilegur friður komist á. Er fólk ekki meira og minna sammála um það núna, hvort sem það les fornar sögur sér til áhuga eða í fræðaskyni, að sagnaritararnir – Sturla, Ari, Snorri og allir hinir sem við þekkjum

* Þetta er nokkurn veginn orðrétt útgáfa erindisins. Lengri gerð með tilvísunum og heimildum birtist í Breiðfirðingi árið 2026.

ekki með nafni – hafi litið öðrum augum á sannleiksgildi verka sinna en nútímafólk gerir gjarnan, að þeir hafi ekki gert sama greinarmun á sannleika og skáldskap, að þeir hafi lifað og hræst í allt öðru samfélagi með allt öðrum viðmiðum?

Á Vísindavef og Wikipedíu er Sturla Þórðarson jú sagður hvort tveggja, sagnaritari og skáld. Hann naut þess frelsis að flakka á milli kvía, vera hvergi njörvaður niður. Hann þurfti ekki að þola ritrýni eða jafningjamat. Hann vitnaði ekki til heimilda. Engar tilvísanir og neðanmálsgreinar eru í hans Íslendinga sögu, engin heimildaskrá, ekkert í formála um stöðu fræðanna og fyrri rannsóknir, ekkert um kenningalegan ramma.

Og kynni ég þá til leiks okkur sagnfræðinga samtímans, þjálfaða í þvílíkum vinnubrögðum. Sannleiksgildið og sannleiksleitinn tengja okkur við Sturlu og félagi. Í siðareglum Sagnfræðingafélags er beinlínis vitnað í boðskap Ara fróða. Svokölluð frumregla þar er svohljóðandi: „Allir sagnfræðingar eiga í starfi sínu að leggja áherslu á að hafa það sem sannara reynist.“ Síðan er hnykkt á kröfum fræðanna. Í kafla um fagleg vinnubrögð segir að sagnfræðingar skuli „ávallt vísa til heimilda þar sem það á við, með þeim hætti að lesandi geti á auðveldan hátt sannreynt heimildina“. Þar er einnig rakið að það séu „óvönduð og óheiðarleg vinnubrögð ef sagnfræðingar vísvitandi“:

búa til upplýsingar sem engar heimildir eru fyrir;

falsa heimildir;

...

Við svipaðan tón kveður í lýsingu á háskólafaginu sagnfræði á vefsíðu Háskóla Íslands. „Í sagnfræði eru samfélög könnuð eins langt aftur í tíma og heimildir leyfa,“ segir þar fyrst og svo kemur nánari lýsing þar sem heimildir eru áfram í fyrirrúmi: „Fræðigreinin snýst um að kunna að rannsaka mannleg samfélög, einkum í fortíð, og miðla þekkingu um þau til annarra. Mikilvægur hluti sagnfræði felst í að kunna að lesa mikinn fróðleik út úr litlum heimildum og beita þó varúð við að oftúlka hvorki né mistúlka.“

Að sjálfsögðu eru til margar gerðir heimilda. Aftur á móti hafa skriflegar frumheimildir lengi trónað efst í virðingarröð þeirra. Í formála fyrsta bindis Íslensks fornbréfasafns skrifar Jón Sigurðsson, Jón forseti, sem má jafnvel kalla fyrsta nútímasagnfræðing okkar Íslendinga: „Skrár, bréf og skjöl eru, eins og allir vita, hinn vissasti og áreiðanlegasti grundvöllr sögunnar í hverju landi sem er.“

Sjálfur get ég nefnt óræk dæmi úr eigin rannsóknasögu um mikilvægi ritaðra heimilda. Í kalda stríðinu grunaði ýmsa að íslensk stjórnvöld létu stundum hlera síma vegna ótta um að öryggi ríkisins væri á einhvern hátt ógnað. Ekkert var hægt að sanna fyrir en aðgangur fékkst að dómsúrskurðum um slíkar aðgerðir og þeir birtir, að víst með nokkrum takmörkunum fyrst. En eftir það var vonlaust að efast eða taka fyrir að gripið hefði verið til hlerana.

Í ævisögu Gunnars Thoroddsens sagði ég frá hans innstu þrá, draumum og glímu við veikindi og bresti. Það gat ég aðeins vegna þess að hann skrifaði um þessar tilfinningar sínar og þennan vanda, í dagbók, á minnismiða, hvenær sem næði gafst eða þörfin kallaði. Þannig skapaði hann heimildir sem gátu dýpkað til muna lýsingu á söguhetjunni.

Síðustu ár og áratugi hafa stafrænar heimildir bæst við safnahaug okkar sagnfræðinga, jafnvel í þeim mæli að ofgnótt er vandi. Aftur á móti varðveitist þá margt sem annars hefði fallið í gleyskunnar dá, til góðs eða ills – skoðanaskipti og færslur á fésbók, aulafyndni á twitter, sjálfur og sjálfshól á instagram. Allt geta þetta verið heimildir, rétt eins og dagbækur og sendibréf fyrri tíma. Með það í huga ætti að verða auðveldara en áður að skrá sögu fólks.

Svo er að sjálfsögðu hægt að nota skriflegar heimildir á ýmsa vegu, bæði frumheimildir og ekki síður önnur verk. Til dæmis geta sagnfræðingar og aðrir gert sér mikinn úr mat úr Íslendingasögum og öðrum fornritum vilji þeir fjalla um lífshætti á ritunar- eða sögutíma þeirra. Í lýsingu á fræðafaginu sagnfræði segir einmitt áfram á vefsíðu Háskólans: „Sagnfræðingar hafa iðulega áhuga á að vita eitthvað annað um viðfangsefni sitt en heimildunum var ætlað að segja. Því reynir á rökrétta hugsun, hugkvæmni og frumleika í starfi þeirra.“

Skriflegar heimildir þarf einfaldlega að vega og meta. Í sjónvarpsþáttunum „Já ráðherra“ fór ráðuneytisstjórinn Sir Humphrey Appleby yfir heimildargildi skjala betur en sprenglærðustu sagnfræðingar hefðu getað gert. Hafa yrði í huga að höfundur skjals hefði hugsanlega fest á blað það sem gerðist eða það sem hann teldi að hefði gerst; eða það sem hann vildi að hefði gerst; eða jafnvel það sem hann vildi að aðrir teldu að hefði gerst; eða kannski enn frekar það sem hann vildi að aðrir teldu að hann teldi hafa gerst.

Þetta er auðvitað skáldskapur en það segir líka sína sögu að í aðfararorðum um fyrsta skjal Fornbréfasafnsins – boð Hlöðvers keisara um erkibiskupsstól í Hamborg – nefnir Jón Sigurðsson að skjalið sé líklega falsað. Og þá er það auðvitað ekki hinn vissasti og áreiðanlegasti grundvöllur sögunnar.

Andspænis sögusögnum, vafasömum ályktunum eða hreinum rangfærslum standa skriflegar heimildir þó einatt sterkar. Á fésbók fyrir í sumar var skipst á skoðunum um meinta

klæki Einars Benediktssonar við jarðakaup. Guðjón Friðriksson sem sagði sögu hans í þremur þykkum bindum kvaðst ekki kannast við heimildir um þann gjörning og staðhæfingar yrði að meta í því ljósi. Í lok umræðna var því þakkað fyrir það mat og þær upplýsingar. „Hafa skal það sem sannara reynist,“ var þar sagt.

Já, orðin um skjöl sem grundvöll sögunnar standa, þrátt fyrir allar okkar sjálfsögðu kröfur um heimildamat og heimildarýni. „Ekki er of seint að leiðrétta orðspor þegar gögn geyma gullstafi sannleikans.“ Svo skrifaði Þórunn Valdimarsdóttir í einu sinna skemmtilegu sagnfræðirita.

Ekki eru allar heimilar heimildir sagnfræðinga skriflegar – langt frá því. Í samtímasögu geta frásagnir heimildarmanna komið að miklu gagni en að sjálfsögðu þarf einnig að setja vissa fyrirvara við slíkar upplýsingar. Munnleg geymd er sérkapítuli í miðaldafræðum sem ég þekki ekki til hlítar en aftur get ég nefnt dæmi úr eigin reynsluheimi – þótt lítið sé. Haustið 2014 kenndi ég sögu bankahrunsins við Háskóla Íslands og fékk góðan gest í umræðutíma, Geir H. Haarde. Undir lokin sagði ég eitthvað á þá leið að árin fyrir hrun hefðu verið líkust miklum gleðskap, nánast eins og fyllerí en svo hefði glaumnum lokið og þyrmt yfir. Geir svaraði að bragði. Það reyndust lokaorð skemmtilegs umræðutíma og eftir kaffihlé ræddum við nemendurnir saman um lýsingar forsætisráðherrans fyrrverandi, þar á meðal viðbrögð við þessari galgopalegu lýsingu minni. Og þar var hópurinn ekki á einu máli, þótt örstutt stund væri liðin. Fyrst sagði einn að Geir hefði hent boltann á lofti og svarað: „Eins og flest fyllerí eru.“ Annar kvaðst aftur á móti muna að hann hefði sagt: „Þannig eru flest fyllerí“. Síðan kvað hinn þriðji hins vegar upp úr með að Geir Haarde hefði svarað að bragði með þessum orðum: „Flest fyllerí eru þannig.“ Svo nefndi hann að þetta gæti hann staðfest því að hann hefði ákveðið að taka orðaskipti upp á síma sinn, enda ekkert bann verið lagt við slíku.

Þar var þá komin staðfesting, eins traust heimild og orðin hefðu verið skrifuð niður, óumbreytanleg um aldur og ævi, óháð brigðulu minni. Ekki búum við þó ætíð við slíkan munað. Fólki segir frá án þess að geta vitnað í óræka heimild, það gleymir eða misminnir bæði viljandi og óviljandi.

Ágætu áheyrendur! Á þennan hátt má líta á munnlegar heimildir sem stoðtæki þeirra sem rannsaka nýliðna tíð og vilja ætíð hafa það sem sannara reynist. Að sama skapi geta fornleifar verið stoð og stytta þeirra sagnfræðinga sem horfa langt aftur í aldir. Sömuleiðis hafa framfarir í erfðarannsóknnum nýst í sagnfræðilegu tilliti og áfram má telja ólíkar tegundir heimilda um liðna tíð. Þannig geta listaverk og ljósmyndir komið að gagni. „Við hefðum tekið myndir en höfðum

engan kubb,“ segir í einu lagi Stuðmanna. Einnig hafa sagnfræðingar ályktað út frá vitneskju samtímans um lykt, bragð og hljóð fyrri tíma og munum þá hvað segir áfram í laginu: „Sönnunargagnið er astraltertugubb.“

Ágætu áheyrendur! Að öllu gamni slepptu nefni ég þetta til ítreka enn mikilvægi heimilda og sannleiksleitar í rannsóknum á liðinni tíð. Eigi að segja frá því sem gerðist verður fólk ekki aðeins að leitast við að segja satt heldur er einnig ætlast til þess að það geti bent á gögn máli sínu til stuðnings. Með öðrum orðum: Hafa það sem sannara reynist og hafa heimildir. Þetta voru og eru undirstöður sagnfræðirannsókna sem standa undir nafni.

Eða hvað? Verður það svo að sannleiksleitinn verður þvinguð, takmörkunum háð? Verða siðareglurnar og viðmiðin þá að kreddu? Má þá segja um fræðafagið: Sannleikurinn mun gera yður ófrjálsa?

Þegar vel er að gáð má sjá að krafan um heimild fyrir einu og öllu getur orkað tvímælis. Á sínum tíma sagði Sigurður Nordal til dæmis að um sambúð Guðríðar Símonardóttur og Hallgríms Péturssonar myndust engar skilríkar frásagnir. „Er það sem oftast að heimildirnar þrýtur þar sem síst skyldi,“ bætti hann við. Já, heimildir um horfinn heim eru einatt stöku leifar, fáar og fábreyttar, tilviljanakenndar og vekja jafnvel frekar upp spurningar en að þær veiti svör. Þetta verðum við sagnfræðingar vissulega að setta okkur við.

Um leið verðum við þó að vita að tiltækar heimildir geta hæglega gefið skakka mynd af því sem gerðist ef við látum þær einar ráða ferðinni. Þetta gildir til að mynda um sögur frumbyggja víða um heim þar sem nýlenduherrar æddu um og festu frásagnir á blað, gjarnan fyrstir manna. Mögnuð er gagnrýni haítíska fræðimannsins Michel-Rolph Trouillots á hefðbundin sagnfræðileg vinnubrögð með hinni miklu áherslu á ritaðar heimildir sem skrumskæli sögu íbúa Haítí. „Þaggað niður í fortíðinni,“ heitir eitt hans þekktasta verk - *Silencing the Past: Power and the Production of History*.

Víst er líka klisjukennt að segja að sigurvegararnir skrái söguna en í því er samt sannleikskorn. „Sagan verður mér hliðholl því að ég hyggst skrá hana sjálfur,“ sagði Winston Churchill þegar hann var í miðjum klíðum að skrifa hina miklu styrjaldarsögu sína – og fékk þá aðgang að leyniskjölum sem voru öðrum áfram huldar.

Íslenska orðið heimild er einmitt skemmtilega tvírætt. Engin heimild um það sem gerðist gæti þá jafnvel þýtt að maður hafi enga heimild til að segja frá einu eða neinu, svo að maður leiki sér að hugtakinu heimild sem uppsprettu upplýsinga annars vegar og hins vegar sem leyfi til að gera eitthvað.

En þessu gamni fylgir alvara. Ef það er svo að ekkert megi segja án þess að fyrir því séu beinar heimildir höfum við hreint ekki alltaf það sem sannara reynist heldur bara það sem aðgengilegra reynist. Og þá ráða þau sögunni sem ráða heimildunum – þau sem ráða skjalasöfnunum og jafnvel fjármagninu og styrkjunum til rannsókna og skrifa.

Hvernig er hægt að bregðast við? Hvernig er hægt að losna undan því oki að láta heimildirnar ráða sögunni? Í fyrsta lagi verður að tryggja að fólk geti þó ætíð kynnt sér þau gögn sem tiltæk eru, að teknu tilliti til sjálfsagðra sjónarmiða um persónuvernd og jafnvel þjóðaröryggi að vissu marki. Í öðru lagi verður að stuðla að því að alls kyns heimildum sé safnað af kostgæfni og fræðafólki gert kleift að sinna alls kyns rannsóknum, ekki aðeins þeim sem valdhafar hverju sinni hafa dálæti á – og höfum þá í huga að valdhafa er víða að finna, líka innan fræðasamfélagsins.

Og svo er það ábyrgð okkar sagnfræðinganna sjálfra. Elja í heimildaleit getur skapað andblæ og látið lesanda finna að svona hafi fortíðin verið, að nær ekkert sé ósagt. Frábært dæmi er rit Þórs Whiteheads, Bretarnir koma, þar sem hernámsdeginum 1940 er lýst í þaula og hverri einustu fullyrðingu fundin stoð í heimildum. Úti í heimi eru víðfræg rit Barböru Tuchman og Antonys Beevors af sama meiði.

Einnig geta heimildir fundist á einum stað sem fylla upp í eyður annars staðar. Sjálfur uppgötvaði ég í erlendum skjalasöfnum fyrstu vísbendingarnar um eftirlit stjórnvalda með þeim sem þóttu ógna öryggi ríkisins í kalda stríðinu á Íslandi. Réttmætar grunsemdir jukust einnig þegar rannsóknir um svipaðar aðgerðir annars staðar á Norðurlöndum komu fram.

Enn erum við þó bundin heimildunum, erum á þeim trausta grunni. Megum við færa okkur út á hálari ís? Ekki eru allir dagar eins viðburðaríkir, skjalfestir og minnisstæðir og hernámsdagurinn. Samt hafa allir dagar gerst. „Það sem enginn man gerðist nú samt.“ Þetta skrifaði sænski rithöfundurinn Kerstin Ekman eitt sinn og svipað hefur Gísli Sigurðsson sagt um túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar: „[Þ]egar þekkingu þrýtur verður að beita líkum því að vanþekking okkar er ekki til marks um raunverulegt tómarúm í tilverunni.“

Einmitt! Þegar lærðir sagnfræðingar hafa staðið andspænis eyðum í sögunni hafa þeir vissulega leyft sér að geta í þær – í það minnsta sumir hverjir. Gjarnan eru menn þó afar varkárir. Hún er svo römm taugin sem dregur sagnfræðinga að heimildum og tilvísunum. Eitt dæmi segir hér meira en mörg orð, lýsing Jóns Þ. Þór í ævisögu Boga Melsteðs á því þegar hann sigldi til Kaupmannahafnar að loknu stúdentsprófi. Jón skrifar svo (með mínum áherslum): „Við *vitum* ekki hvaða tilfinningar bærðust í brjósti hans þegar hann kvaddi Pál fóstura sinn og Þóru konu

hans, en *trúlega* hefur eftirvæntingin orðið treganum yfirsterkari jafnskjótt og hann var kominn á skipsfjöl og skipið skreið út fyrir Engey og Akurey og tók stefnuna fyrir Garðsskaga. Þá hefur hann þó *varla* órað fyrir því, hve löng dvöl hans á Hafnarslóð yrði og að hann myndi ekki aftur eiga heimili á Íslandi nema skamma hríð.“

Hér er bætt við frásögn af því sem gerðist án þess að fyrir því séu beinar heimildir en í þeim tilgangi að lýsa því einmitt betur sem gerðist. Og svo er hægt að ganga enn lengra frá tiltækum heimildum. Hægt er að setja atburði hreinlega á svið þótt heimildir fyrirfinnist ekki. Þessu bragði hefur Guðjón Friðriksson beitt svo að eftir er tekið, meðal annars í rökstuðningi ráðgjafarnefndar þegar honum voru veitt verðlaun Jónasar Hallgrímssonar árið 2015: „Aðferð hans er oft á tíðum sú,“ segir þar „að sviðsetja atburði og með því móti tekst honum að glæða frásögnina lífi svo minnir helst á spennandi skáldverk þótt aldrei sé slakað á fræðilegum kröfum“.

Loks er hægt að halda enn lengra í átt frá heimildaakri sagnfræðinganna, í átt að heimkynnum skáldanna þar sem frásagnir blómstra í frjóum jarðvegi ímyndunarafls og andagiftar Þarna á milli er hlutlaust svæði, ef svo má segja. Þar verður sögulega skáldsagan til og erum við ekki vel sett þar, við sem vilja sem mest um liðna tíð? Fáum við ekki það besta úr ólíkum áttum?

Á sínum tíma sýtti Sigurður Nordal að allar heimildir vantaði um sambúð þeirra Hallgríms Péturssonar og Guðríðar Símonardóttur. Steinunn Jóhannesdóttir bauð upp á lausn við þeim vanda með sínu mikla skáldverki um Guðríði. Í Sturlungu vantar ekki æsilega bardaga, ástir og svik, og mannmergð er þar mikil. Sitthvað er þó hart undir tönn, flækjustigið hátt og ekki víst að „hinn almenni lesandi“ – það fyrirbæri sem við sagnfræðingar og rithöfundar viljum ná til – heillist af lestrinum. Úr því bætti Einar Kárason hins vegar í sínum magnaða fjórleik, *Óvinafagnaði, Ofsa, Skáldi og Skálmöld*. „Sagnalist eins og hún gerist best,“ segir með réttu í auglýsingu um bækurnar og í ritdómi um eina þeirra bendir Soffía Auður Birgisdóttur á að Einar hafi „lagt mikið af mörkum til þess að kynna Sturlungu fyrir nýrri kynslóð lesenda sem gæti átt erfitt með að tengjast beint hinum forna texta“.

En stöldrum nú aðeins við. Sé markmiðið enn að hafa það sem sannara reynist geta ályktanir, sviðsetningar og skáldskapur heldur betur leitt okkur á glapstigu. Í sögu Gunnars Thoroddsens leyfði ég mér í örfá skipti að álykta um líðan hans þótt ég hefði ekki um það heimildir í það sinnið – og þótt ég gæti svo oft stuðst við eins eigin óræku lýsingar. En þá velti ég

Því einmitt fyrir mér að maður væri kannski kominn inn í vöfundarhús hinna óteljandi leiða þar sem engin ein virtist vísari en önnur.

Sama getur gilt um sviðsetningar og hvers kyns innlifun og spuna. Hvernig skal sanna það sem þá er haldið fram? Þannig spurningar geta vaknað, í það minnsta sums staðar í Árnagarði, vinnustað flestra akademískra sagnfræðinga á Íslandi. „Þetta er óábyrg afstaða til fræðimennsku og hefur ekkert með dirfsku eða frumleika að gera. Þegar skemmtigildið er látið ráða för og ekki gerður greinarmunur á sönnu og lognu er texti orðinn að skáldskap.“ Þannig komst Már Jónsson nýlega að orði í skoðanaskiptum um fræðirit þar sem sumt var stutt heimildum í þaula en annað byggt á ímyndunarafli og andagift. „Það verður skemmtilegt eða hitt þó heldur,“ sagði hann jafnframt, „þegar grunlausir nemendur og aðrir fara að vísa til hennar um atriði sem ekki standast skoðun“.

Að sama skapi getur það hæglega gerst að sögupersónur verði miklu þekktari eftir að skáldin hafa farið höndum um þær og mótað eftir sínu lagi – Jón Hreggviðsson Halldórs Laxness er kannski erkidæmi um slík örlög.

Ágætu gestir á Sturluhátíð! Í lokin verður líka að spyrja um tilgang. Til hvers erum við að þessu? Til hvers erum við að reyna að varpa ljósi á liðna tíð? Til þess að læra af fortíðinni, til þess að gera betur? Eða til þess að stytta okkur stundir? Segja sögur? Til þess að hafa í sig og á? Svörin við því hvað megi og megi ekki þegar við leitumst við að segja frá því sem gerðist hljóta að taka mið af slíkum spurningum. Og ætli það séu nokkuð til einhlít svör sem öllum líki?

Ég segi fyrir sjálfan mig að ég átta mig á og gengst við þeim hömlum sem heimildir setja okkur sagnfræðingum, með þeim fyrirvörum og ábendingum sem ég hef hér rakið. Ég fellst á þá kröfu eða siðareglu að vilja ætíð hafa það sem sannara reynist. Í öllum mínum skrifum finnst mér málsgreinar verða endasleppar ef þeim lýkur ekki með tilvísun og heimild. Aftur á móti dáist ég að þeim sagnfræðingum sem ná að glæða verk sín auknu lífi með innlifun og ímyndun, sviðsetningum og, já, skáldskap. En ég verð að viðurkenna að ég bara get ekki skáldað í mínum skrifum – kannski svipað og söguhetjan í Hollywood-kvikmyndinni Lygalaupur (Liar, Liar). Þau álög eru lögð á hann að geta bara ekki sagt ósatt og það kom honum í koll í vinnunni því að hann var lögræðingur.

Ég viðurkenni líka að ég hef reynt það en allar mínar sviðsetningar verða eins og andlausar veðurfregnir, ferkantaðar mannlýsingar eða eitthvað þaðan af þurrara. Þegar þessar tilraunir eru strokaðar út í tölvunni hugga ég mig þó við það sem Umberto Eco skrifaði í einu

vinsælasta riti seinni tíma um fræðileg skrif. „Ertu skáld?“ spyr hann þar. „Sé það raunin vertu þá ekki að leita að háskólagráðu.“

Reyndar hafa fáir skapað andblæ liðins tíma eins vel og Eco en það er önnur saga – önnur listgrein. Ég tel einmitt farsælast fyrir frið á þessu hlutlausa svæði milla fræða og skáldskapar, milli sagnfræðinga og skálda, að við komum öll til dyranna eins og við erum klædd, gerum grein fyrir erindi okkar og reynum ekki að blekkja fólk, hvorki af vilja né vangá. Vilji sagnfræðingar og aðrir höfundar fræðirita setja atburði á svið, ímynda sér aðstæður, uppdikta líðan fólks og lifa sig inn í horfinn heim án þess að geta stuðst við heimildir þaðan ættu þeir bara að geta þess þannig að við öll, hinn „almenni lesandi“ þar með talinn, eigum hægt með að skilja hvað komi hvaðan – hvað eigi sér stoð í sannanlegum heimildum og hvað eingöngu í heilabúi hugsandi fólks. Þannig tekst okkur að hafa það sem sannara reynist, rétt eins og Sturla Þórðarson forðum daga, sá trúgjarni og hjátrúarfulli sagnaritari sem skrifaði víst betur um föður sinn en öðrum hefði þótt ástæða til, og var því alls ekki hlutlaus í sínum verkum – enda er það ómögulegt en það er líka önnur saga.